

Mál nr. 66/2017
M v. tjóns á bifreiðinni A og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar E.

Innkaupakerra rann á bifreið sem var kyrrstæð í bílastæði 4.7.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 20.2.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3
2. Bréf V dags. 24.2.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2

Málsatvik.

M segir að hafi verið fyrir utan Rúmfatalagerinn í Skeifunni með innkaupakerru og staldrað við fyrir utan verslunina og síðan sleppt tókum á innkaupakerrunni, sem hafi runnið í nokkrum halla á A og valdið tjóni á bifreiðinni. Ökumaður A segir að E hafi tekið barn sitt úr innkaupakerrunni og hún þá runnið á stað og á farþegahurð A. E segist hafa tekið barn sitt úr kerrunni og ekki náð að grípa kerruna áður en hún rann á A en fram að því að hún tók barnið hafi hún alltaf verið með tak á kerrunni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar E hjá V og segir að hún hafi sýnt af sér sök þegar hún sleppti tókum á kerru þar sem töluverður halli sé á gangstéttinni. V hafnar bótaskyldu úr heimatryggingu E hjá V og telur að um óhappatílvik sé að ræða en E hafi ekki sýnt af sér gáleysi, hirðuleysi eða ámælisverða háttsemi.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á það að E hafi gerst sek um háttsemi sem leiði til bótaskyldu úr heimatryggingu hennar hjá V. E segist hafa verið að taka barn sitt úr innkaupakerru þegar innkaupakerran rann af stað frá henni og hún ekki náð að stöðva hana áður en hún rann á A. Ekki er sannað að E hafi í umrætt sinn sýnt af sér slíkt gáleysi í umrætt sinn að leiði til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hennar hjá V vegna umrædds atviks.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar E hjá V.

Reykjavík 4.4.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.